

Mál nr. 361/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns og eiganda bifhjólsins A.

Sönnun líkamstjóns vegna umferðaróhapps 17.4.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 18.12.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmans M dags. 28.12.2017.

Málsatvik.

M kveðst hafa ekið bifhjóli sínu A eftir vegi við Rauðavatn 17.4.2017 en misst stjórn á hjólinu og það farið á hliðina og M lent á vinstri öxl við fallið. M átti bókað flug til Spánar daginn eftir og segist hafa ákveðið að fara þrátt fyrir meiðsli eftir það atvik. Í málskoti segir að eftir að M hafði borið töskur á Spáni hafi honum verið ljóst að ástandið á vinstri öxlinni var alvarlegt og leitaði hann læknis og í framhaldi af því tók hann flug fyrr heim en ætlað hafði verið eða 20.4.2017. M leitaði til læknis hér á landi 21.4.2017 og var þá greindur með afmyndun á vinstri öxl og aukið bil í liðnum og tognun á hálshrygg. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A og segir að tjónsatvik 17.4. 2017 hafi sannarlega átt sér stað og að fullu sé sannað að höggið sem hann fékk við það sé mjög sértækt og allar líkur séu á að það hafi komið fram við umferðarslys. M byggir á framlögðum gögnum málsins og telur þau renna nægjanlegum stöðum undir að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við slysið. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M lýsi atvikum m.a. með þeim hætti að þegar hann hafi verið að lyfta töskum á Spáni hafi eitthvað „poppað“ upp í vinstri öxlinni. V byggir á því að orsakatengsl milli slyssins og einkenna M séu ósönnuð. Þá segir M að meint umferðaróhapp hafi ekki verið tilkynnt til lögreglu eða annarra aðila og engin vitni verið tilgreind. V segir að fyrirbyggjandi gögn veiti ekki fullnægjandi sönnun fyrir því að einkenni M verði rakin til þess atviks sem bótakrafa hans er reist á.

Álit.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við akstur bifhjólsins A hinn 17.4.2017. Hann leitaði ekki til læknis eða tilkynnti um atburðinn og fór til Spánar daginn eftir þar sem hann lýsir því að eitthvað hafi „poppað“ upp í vinstri öxlinni á honum þegar hann var að lyfta töskum þar. Fyrir liggur í læknisvottorði frá 21.4.2017 að M er með áverka á vinstri öxl og tognun. Engin læknisfræðileg gögn liggja hins vegar fyrir í málinu um að áverki M stafi frá atvikinu sem hann byggir kröfu sína á að öllu leyti eða að hluta. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er því ekki sýnt fram á orsakatengsl í málinu. Miðað við þau á M því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík 16.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.